



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STERKA SANNVOTTUN VIÐSKIPTAVINA OG ALMENNA OG ÖRUGGA
OPNA STAÐLA VEGNA SAMSKIPTA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STERKA SANNVOTTUN
VIÐSKIPTAVINA OG ALMENNA OG ÖRUGGA OPNA
STAÐLA VEGNA SAMSKIPTA

2021 nr. 20

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 25. október nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um greiðsluþjónustuveitendur samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021.

2. gr.

Sterk sannvottun og örugg samskipti.

Greiðsluþjónustuveitendur skulu fylgja ákvæðum framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 í tengslum við sterka sannvottun viðskiptavina og örugg samskipti, sbr. c-lið 2. mgr. 65. gr., c-lið 2. mgr. 67. gr., 2. mgr. 69. gr., 4. mgr. 70. gr., 1. mgr. 72. gr., c-lið 1. mgr. 99. gr. og 101. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 frá 27. nóvember 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2020 frá 23. október 2020.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 114. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prófunarumhverfi netskilafлата greiðsluþjónustuveitenda sem veita reikningsþjónustu skal vera tilbúið 1. nóvember 2021 í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021. Raunumhverfi netskilafлата greiðsluþjónustuveitenda sem veita reikningsþjónustu skal vera tilbúið 1. maí 2022.